

Starfsreglur bekkjarfulltrúa Kelduskóla

Sameiginlegum verkefnum foreldrafélags Kelduskóla (FFK) er skipt niður á alla foreldra/forráðamenn í skólanum. Gert er ráð fyrir að allir foreldrar/forráðamenn taki þátt í skipulagningu og framkvæmd a.m.k. eins verkefnis, annaðhvort sameiginlegu verkefni eða verkefni innan bekkjarins.

- Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar, ásamt stjórn félagsins, mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins
- Bekkjarfulltrúar eru tveir fyrir hvern bekk og reynt er að skipta einungis um annan bekkjarfulltrúann í hvert sinn, þannig að þeir sitji tvö ár í senn. Fráfarandi bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sjá til þess að nýr taki við. Fulltrúaráð FFK ber ábyrgð á að val bekkjarfulltrúa fari fram.
- Bekkjarfulltrúar sjá um að skipta foreldrum niður á viðburði vetrarins, foreldrarölt ofl, og bera sína tillögu að skiptingu starfsins undir foreldra til samþykktar á foreldravöldi.
- Bekkjarfulltrúar standa fyrir foreldravöldi í upphafi skólaárs þar sem farið er yfir verkaskiptingu foreldra á atburði vetrarins og foreldrarölt. Gott er að ræða einnig fyrirkomulag afmæla, afmælisgjafa, útivistartíma, val á bekkjarfulltrúum o.fl. Gott er að halda einnig fund að vori til.
- Bekkjarfulltrúar minna foreldra á atburði þá sem þeir eiga að taka þátt í með góðum fyrirvara, og benda foreldrum á að skipta innbyrðis við aðra foreldra ef þarf.
- Halda skal að lágmarki tvö bekkjarkvöld á vetri, eitt á haustönn og annað á vorönn. Í samkennsluárgöngum má halda annað þeirra sameiginlega. Bekkjarfulltrúar senda foreldrum í undirbúningshóp upplýsingar með góðum fyrirvara og ber ábyrgð á að boðað sé til undirbúningsfundar. Bekkjarkvöld eru oftast haldin seinni part dags í skólanum þar sem nemendur og foreldrar eiga góða stund saman. Það er margt hægt að gera t.d. spila, fara í leiki, halda íþróttahátíð eða annað. Mælt er með að bekkjarkvöld séu haldin með sem minnstum tilkostnaði svo allir hafi færi á að taka þátt. Munið eftir að tala við húsvörð skólans um tímasetningu, svo viðburðir rekist ekki á.
- **Aðrir viðburðir vetrarins** (t.d. jólaganga, bingó, vorhátíð o.fl), sem eru hugsaðir fyrir alla nemendur skólans, eru skipulagðir af stærri hóp foreldra, nokkrum úr hverjum árgangi. Stjórnarmaður foreldrafélags Kelduskóla sér um að boða undirbúningsfund í gegnum bekkjarfulltrúa, sem boða foreldra í sínum bekk. Fundurinn ákveður verkaskiptingu og skipulag í sameiningu. Að viðburði loknum tekur einhver úr hópnum að sér skriflega samantekt á skipulagi, kostnaði og hvað fara megi betur næst, og skili inn til stjórnar FFK.
- **Foreldrarölt:** Foreldrarölti er skipt niður þannig að hver bekkur sér um einn mánuð. Bekkjarfulltrúi ber ábyrgð á að skipta foreldrum niður á röthelgar og skipar hópstjóra foreldrarölts fyrir bekkinn. Hópstjóri minnir síðan viðkomandi foreldrahóp á röltið og lætur vita hvort rölt verður föstudegi eða laugardegi, tímasetningu o.s.frv. Allir foreldrar taka þátt einu sinni yfir veturinn fyrir hvert barn. Foreldrar þurfa að staðfesta mætingu til hópstjóra. Hópstjóri skilar skýrslu um röltið til stjórnar FFK.